

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, Óseyrartangi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 22. september 2016 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 23. júní 2016.

Í breytingunni felst stækkun svæðis fyrir verslun og þjónustu (V16) á Óseyrartanga. Með breytingunni er núverandi svæði fært nær tunganum og stækkað í 12 ha. Gert er ráð fyrir margs konar þjónustu á svæðinu m.a. veitinga- og gistiþjónustu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 22. september 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2016